

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Nesja, Hestvíkur- og Réttartjarnarvegur.

Í breytingunni felst að skipulagssvæðið stækkar þegar byggt svæði við Hestvíkur- og Réttartjarnarveg þannig að það nær nú til átta lóða í stað tveggja, ásamt því að verið er að lagfæra hnitsetta afmörkun þessara 8 lóða.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. ágúst 2015.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. desember 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2015